

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulag, Efri-Reykir, L167060.*

Deiliskipulagið tekur til um 30 ha svæðis og afmarkast af Brúará til vesturs, Laugarvatnsvegi til norðurs og Reykjavegi til austurs. Gert er ráð fyrir uppbyggingu á 200 herbergja hóteli og þjónustubyggingu, allt að 15.000 m<sup>2</sup> ásamt tveimur baðlónum, allt að 6.000 m<sup>2</sup> að stærð. Auk þess er heimilað að reisa fimm starfsmannahús að hámarki 150 m<sup>2</sup> hvert á tveimur hæðum, samtals byggingarmagn allt að 750 m<sup>2</sup>.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. nóvember 2020.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 21. desember 2020.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 22. desember 2020